

AUGLÝSING

(VIII) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 665 frá 10. júlí 2013 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2013/2014 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

Súðavíkurhreppur.

Ákvæði reglugerðar nr. 665 frá 10. júlí 2013 gilda um úthlutun byggðakvóta fyrir Súðavík með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) a-liður 1. gr. breytist þannig: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006 *eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga*, við lok umsóknarfrests.
- b) b-liður 1. gr. breytist þannig: Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 1. desember 2013.
- c) c-liður 1. gr. breytist þannig: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 15. júlí 2013. Miða skal við lögheimili einstaklinga samkvæmt þjóðskrá og heimilisfang lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Niðurlag greinarrinnar er óbreytt.
- d) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, *á þann veg að 30% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og eru með frístundaveiðileyfi en 70% byggðakvótans í Súðavík skal skipt jafnt á önnur skip sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar.*
- e) Ákvæði 1. og 2. másl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga á tímabilinu frá 1. september 2013 til 31. ágúst 2014. Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, *jöfnu* magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. maí 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Hinrik Greipsson.